

Eðalvagnaskoðun bifreiða skráðar fyrir 8 farþega eða færri auk ökumanns

- Umsækjandi kemur til Samgöngustofu og sækir um eðalvagnaleyfi og skilar inn viðeigandi gögnum.
 - Bifreiðin skal vera skráð í eigu einstaklings (ekki fyrirtækis). Bifreið má vera skráð í eigu löggilts fjármögnunarfyrirtækis en viðkomandi einstaklingur skal þá vera skráður 1. umráðamaður.
- Umsækjandi fer á skoðunarstöð með staðfestingu frá Samgöngustofu um að sótt hafi verið um eðalvagnaleyfi, ásamt þeirri bifreið sem á að skoða sem eðalvagn.
- Bifreiðin skal vera á lista yfir bifreiðar sem flokkast sem eðalvagnar, sjá lista í [verklagsreglum um eðalvagna](#).
- Bifreiðin er skoðað skv. verklagsreglum um eðalvagna og uppfylla eftirfarandi skilyrði:
 - hún skal vera lúxusútgáfa, af stærstu gerð hvers markaðsflokks, frá framleiðanda,
 - hún skal flokkast samkvæmt Evrópuskilgreiningum í F, J eða M markaðsflokka ökutækja í fullri stærð (Euro market F-segment, J-segment or M-segment passenger van),
 - hún þarf að hafa að lágmarki 4 aðaldyr (dyr aftan á ökutæki teljast ekki sem aðaldyr),
 - hún má ekki vera eldri en 8 ára og er það frá fyrstu skráningu hennar,
 - hún skal búin leðurinnréttingu,
 - ef hún er með stök sæti skulu þau hafa armhvílu,
 - hún skal vera með skyggðar rúður í farþegarými fyrir aftan ökumann.
- Ef bifreiðin uppfyllir skilyrði skoðunarinnar, er viðeigandi skoðunarmiði („**Rekstrarleyfi eðalvagn**“) límdur í framrúðu bifreiðarinnar.
- Ef bifreiðin er ekki í notkunarflokkinum „**Eðalvagn**“ skal senda inn rafrænt breytingablað með breytingu á notkunarflokki.
- Skoðunin skal skráð í ökutækjaskrá sem „**Eðalvagnaskoðun**“.
- Umsækjandi skráir bifreiðina undir leyfi til reksturs sérútbúinna bifreiða með því að senda tilkynningu á leyfisv@samgongustofa.is.
- Umsækjandi fær útgefið eðalvagnaleyfi hjá Samgöngustofu.

